



Hönnun er auðlind

sem mikilvægt er að nýta nú þegar íslenskt atvinnulíf stendur á krossgötum nýrra leiða og tækifæra. Hönnun snertir öll svið samfélagsins hvort sem um er að ræða þróun samfélagsins sjálfs, þróun efnahagslífsins, þróun hugmynda, verkefna, vöru, þjónustu, ferla eða viðburða. Hönnun á erindi inn í fyrirtæki, stofnanir, heimili og ekki síður í stjórnsýslu og stjórnsmál. Með því að virkja þekkingu og aðferðafræði hönnuða getum við haft afar jákvæð áhrif á það hvernig þjóðfélagið þróast og hver lífsgæði okkar verða í framtíðinni.

Skapandi greinar er sá vettvangur sem flestar þjóðir horfa á sem helsta vaxtrarbrodd næsta áratugar. Þessar þjóðir leggja megináherslu á hönnun og telja góða hönnun eitt sterkasta vopnið í harðnandi samkeppni. Rannsóknir staðfesta að hönnun er sá þáttur sem skilar mestri arðsemi enda er kostnaður við hönnun hlutfallslega lítil í samanburði við aðra framleiðsluþætti.

Á Íslandi starfa um 1500 vel menntaðir hönnuðir og arkitektar, sem hafa stundað nám bæði hér og erlendis. Það er mjög mikilvægt fyrir íslenskt þjóðfélag að nýta þekkingu, menntun og hæfileika þessa fólks okkur til framdráttar. Hönnun tengist allri atvinnustarfsemi, svo sem byggingariðnaði, framleiðsluiðnaði, sjávarútvegi, ferðamannaiðnaði, matvælaíðnaði, þjónustu og þekkingariðnaði. Hönnun nýtist ekki aðeins innlendri framleiðslu heldur er einnig hægt að flytja hana út í formi vöru og hugvits.

Hönnunarmiðstöð Íslands

er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis. Meginhlutverk Hönnunarmiðstöðvar er að efla skilning þjóðarinnar á mikilvægi hönnunar fyrir samfélagið og íslenskt efnahagslíf og benda á þá miklu verðmætasköpun sem getur falist í íslenskri hönnun fyrir þjóðfélagið allt. Hönnunarmiðstöð stuðlar að framgangi íslenskra hönnuða erlendis, enda eru þar stór tækifæri fyrir íslenska hönnun og framleiðsluvörur.

Verkefni Hönnunarmiðstöðvar

- Kynning**
 - Kynningarmiðstöð hönnunar og arkitektúrs á Íslandi
 - Vekur athygli á framúrskarandi íslenskri hönnun erlendis
 - Rekur öflugan vef á íslensku og ensku um íslenska hönnun og arkitektúr
 - Stuðlar að faglegri umfjöllun um hönnun og arkitektúr
 - Greiðir fyrir markaðssetningu og útflutningi íslenskrar hönnunar
- Ráðgjöf**
 - Mótar hönnunarstefnu með stjórnvöldum
 - Veitir hönnuðum ráðgjöf um vöruþróun, framleiðslu, ímyndaruppbyggingu og útflutning
 - Styður sprota- og frumkvöðlafyrirtæki, með takmarkað fjármagn og þekkingu til að koma sér áfram
 - Veitir fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf um hönnunartengd verkefni.
- Nýsköpun**
 - Leiðir hönnuði og fyrirtæki saman í nýsköpunar- og vöruþróunarverkefnum
 - Vinnur að því að auka fjármagn til þróunar hönnunarfyrirtækja
- Samstarf**
 - Myndar tengsl á milli greina og hvetur til samstarfs og umræðu
 - Stuðlar að auknum mælingum og rannsóknarvinnu varðandi umfang og vöxt hönnunargeirans
 - Ýtir undir fræðslu í markaðsmálum, verkefnastjórnun og framleiðslu
- Viðburðir**
 - Stendur fyrir fyrirlesturum, sýningum, ráðstefnum og HönnunarMars

Hönnunarmiðstöð Íslands er í eigu Arkitektafélags Íslands, Félags húsgagna og innanhússarkitekta, Félags íslenskra landslagsarkitekta, Félags vöru- og iðnhönnuða, Leirlistafélags Íslands, Fatahönnunarfélags Íslands, Textílfélagsins, Félags íslenskra gullsmíða og Félags íslenskra teiknara.

Hönnunarmiðstöð Íslands er rekin fyrir fjárframlög frá menntamálaráðuneyti og iðnaðarráðuneyti.

Merki Hönnunarmiðstöðvar vísar í alþjóðlegt tákni fyrir áhugaverðan stað um leið og það myndar H upphafsstaf Hönnunarmiðstöðvar og I upphafsstaf Iceland Design Centre. Slaufan vísar í gróskumikið samstarf Hönnunarmiðstöðvar við þá aðila sem vinna að framgangi hönnunar á Íslandi og erlendis, auk þess að vera tengiliður hönnuða í milli og milli atvinnulífs og hönnuða. Oscar Bjarnason er hönnuður merkisins.

